



SSÍ kynnr LEN European Masters Championships 2016 sem haldið verður í London dagana 25. - 29. maí nk.

Allir þjálfarar og forystumenn Garpadeilda sundfélaga er hvattir til að kynna mótið innan sinna raða.

Frekari upplýsingar má sjá hér :

<http://euroaquatics2016.london/masters/>

Mótið verður haldið í Ólympíulauginni strax í kjölfar Elite European Championships. Allur aðbúnaður er eins og best verður á kosið og þarna gefst einstakt tækifæri til að keppa í þessari glæsilegu sundhöll.

Þar sem um Evrópumeistaramót er að ræða þá gilda ákveðin lágmark sem ættu þó ekki að vera erfið fyrir Garpa.

Nánari upplýsingar um þau er finna hér:

<http://euroaquatics2016.london/standard-times/>

SSÍ getur haldið mót fyrir sundmenn sem eru nálægt þessum lágmarkum og vilja reyna við þau áður en frestur til skráningar rennur út.

Þá er Görpum bent á að bregðast sem fyrst við auglýsingunni, en nú þegar hafa 8 íslenskir sundmenn skráð sig og hafa aldrei fleiri verið skráðir á sambærilegt mót erlendis

Sundmenn munu keppa undir fána sinna félaga í Masters flokkum.

London þarf vart að kynna enda borgin Íslendingum að góðu kunn. Fjölbreytt framboð veitingahúsa og verslana er þar að finna auk hvers kyns menningarviðburða á hæsta stigi. Þá eru gistingualeikar af ýmsu tagi fyrir hendi.

Til viðbótar við íslensku flugfélögin Icelandair og WOW-Air fljúga British Airways og Eazy Jet til og frá Keflavíkurlugvelli þannig að góðar líkur eru á hagstæðum flugfargjöldum. Ferð sem þessi er vissulega keppnisferð en á sama tíma félagslegs eðlis þar sem tilvalið er að bjóða makanum að vera í klappliðinu ásamt því að upplifa heillandi stórborg.

Það er von SSÍ að sá mikli meðbyr sem sundíþróttin hefur nú um þessar mundir, ekki síst eftir kjörið á Íþróttamanni ársins, verði til þess að Garpar fjölmenni til London og verði þar landi og þjóð til sóma.